

65
30. apríl. Að láta hætta við aðgjörðina þangað til alþingi kemur saman í sumar, myndi vera slíkt sammingsrof af hálfu hins opinbera, að það myndi geta bakað því talsverðar skaðabætur, og í annan stað myndi það varna því, að aðgjörðin yrði búin á þessu sumri. Slík ráðstöfun virðist mjög því jafn ótíðleg, sem hún er ástæðulaus.

66
30. apríl. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um landskuldarlinun* — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, frá 28 þ. m. og fylgdu því tillögur umboðsmanns Kirkjubæjar og Þykkvabæjar klaustursjarða viðvikjandi bórnarbrjefum þeim, er til hans höfðu komið um, að sá tími yrði lengdur, sem linun fengist í eptirgjaldinu, er veitt hafði verið einstöku ábúöndum síðustu árin, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

Linun þá, í jarðaafgjaldi ábúandanna á umboðsjörðunum Fagurhlíð, Uppsölum og Dalbæ, sem veitt var í brjefi mínu frá 19. desember 1876, finn jeg enga ástæðu til að lengja fremur en til er tekið í áminnztu brjefi.

Aptur ámóti veitist ábúöndunum á Slýum, Einari Ólafssyni og Sveini Sveinssyni, samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og umboðsmannsins, í 3 ár frá næstkomandi fardögum hin sama linun á jarðarafgjaldi, sem þeim var veitt í brjefi mínu 19. desember 1876, sem sje fyrir hvorn þeirra 25 al., og sje helmingur þeirra reiknaður eptir meðalverði verðlagsskrárinnar og helmingurinn með 16 aur. fyrir hverja alin. Sömuleiðis veitist ábúandanum á Eystri Lýngum, Ólafi Sveinssyni, sem með brjefi dagsettu 14. október 1875 hafði fengið afgjaldið lækkað um 3 ár til næstkomandi fardaga alls um 30 al., helmingurinn af þessari afgjaldslækkun, eða alls 15 al. í 3 ár frá fardögum 1879 til fardaga 1882.

Jeg skal bæta því hjer við, að jeg er á sömu skoðun og þjer, herra amtmaður, að ekki sje ástæða til sem stendur, að taka til greina beiðni þá, sem ábúandinn á umboðsjörðinni Þverá hefir sent hingað um að fá eptirgjaldið lækkað sökum skemmda á túninu.

67
30. apríl. — *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um tekjuskatt manna, er enga atvinnu hafa.* — Í brjefi frá 1. f. m. hafði þjer, herra sýslumaður, skýrt frá því, að 2 sýslubúar yðar hafi skorazt undan að greiða skatt samkvæmt lögum 14. desember 1877 af jarðeignartekjum sínum, annar sökum þess, að hann er öldungis farlama og allar tekjurnar, að upphæð 84 kr., gangi í forlagseyri með honum, hinn sökum þess, að hann enga atvinnu hefir, og þarf mest allar tekjur sínar, er hann telur 9 hundr. á landsvísu, eða í peningum 605 kr. 90 aura, í forlagseyri fyrir sig og konu sína. Þjer bendið á, að það muni vandkvæðum bundið, að heimfæra 8. grein nefndra laga ekki að eins á börn, «sem eru í foreldrahúsum eða á framfæri og enga atvinnu hafa», heldur einnig á aðra menn, er atvinnulausir eru, en ætlið, að ekki verði komizt undan þessu, og að þá megi samkvæmt 1. kap. framfærslubálks Jónsbókar, samanbornum við 14. gr. tilskip. um spítala 27. maí 1746 telja 3½ hundrað á landsvísu skattlausan forlagseyri fyrir karlmann, en 2½ hundrað fyrir kvennmann.

Í 7. grein laga 14. desember 1877 er fyrirskipað að greiða skuli skatt af tekjum, til hvers svo sem þeim er varið, og þó þeim verði öllum varið hlutaðeigandi gjaldþegni og